

134. fundur

Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn 20. apríl 2010 kl. 17:00 á skrifstofu skólastjóra.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Gjaldskrá fyrir næsta skólaár
3. Skólastefna Tónlistarskólans
4. Önnur mál

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1. Jóhanna fór yfir fyrirkomulag og úrslit Nótunnar tónleikaraðar í tilefni dags Tónlistarskólans. Fjórir nemendur fóru á Hólmavík, en þar fluttu nemendur af vesturlandi tónlistaratriði og tveir af þeim þremur sem valdir voru til að taka þátt í landsuppskeruhátíð í Rvk í vor frá tónlistarskólanum í stykkishólmi. Almenn ánægja var með tónleikana alla og skipulag þeirra. Umræða um kostnað og fleiri útfærsluliði eru í gangi.

Prófdómarar koma í næstu viku og framundan eru 8 grunnpróf og 2 miðpróf. Í fyrstu viku maímánaðar verða síðan önnur próf, síðan verða vortónleikar og lokatónleikar og skólastlit verða 13 maí.

Lúðrasveitarstarf er á fullri ferð, vortónleikum var frestað til 10. júní og einnig er undirbúningur fyrir ferðina til Gautaborgar á áætlun. Útlit er fyrir að 45 manns fari í ferðina.

Sex börn úr litlu lúðrasveitinni fara á landsmót lúðrasveita sem verður í Vestmannaeyjum 7. – 9. maí.

Tveir hornaspilarar úr stóru lúðrasveitinni fóru sem gestaspilarar á landsmót eldri lúðrasveita, S.Í.S.L.

Byrjað er að skoða skóladagatal næsta árs og einnig er verið að vinna í starfsmannamálum.

2. Nefndin leggur til að gjaldskrá verði látin fylgja þróun vísitölu neysliverðs og hækkuð u.þ.b. um 8,5%
Sigurborg Sturlud. vék af fundi kl 17:50.

3. Drög að skólastefnu Tónlistarskólans yfirfarin og samþykkt var tillaga til stýrihóps vegna skólastefnu Stykkishólmsbæjar.

4. Önnur mál, engin.

Sigurborg Sturludóttir (sign.).

Daði Jóhannesson (sign.).

Elísabet L Björgvinsdóttir (sign.).

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).

